

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að stofnað verði sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir eldri borgara sem búa á hjúkrunarheimilum eða í heimahúsi til að fyrirbyggja eða draga út notkun geðlyfja.

Greinargerð:

Flokkur fólksins leggur til að sérstaklega sé gert könnun á hvar skóinn kreppir í heimaþjónustu og aðstoð við eldra fólk sem býr heima. Margir af þeim hópi búa einir.

Hvað varðar viðbótarþjónustubætti þá á eldra fólk oft erfitt með ákveðnar hreyfingar þegar árin færast yfir. Það eru hreyfingar sem verk sem kallar á að bogra eða teygja sig upp. Verkefni eins og að setja í þvottavél, taka úr þvottavél og setja í þurrkara eða hengja upp geta reynst sumu eldra fólki erfið. Einnig að skipta á rúmi eða sjá um flokkun sorps og koma sorpi út úr húsi t.d. um hávetur. Lagt er til að eftirfarandi þætti verð skoðaðir sérstaklega:

Flokka sorp og koma sorpi út úr húsi
Taka úr þvottavél og hengja upp þvott
Skipta á rúmi

Allt kallar þetta á ákveðna hreyfigetu sem aldrað fólk sem vill búa eins lengi heima getur kannski ekki. Þessari þjónustu verður velferðarsvið að koma á laggirnar án vandkvæða. Aðstæður eldri borgara sem búa heima eru mismunandi. Sumir eldri borgarar sem búa einir eiga ekki ættingja eða vini sem þeir geta leitað til eftir aðstoð með þætti sem þjónusta velferðarsviðs býður ekki upp á.

Hvað varðar sálfélagslegt úrræði þá hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins áhyggjur af einmannaleika hjá þessum hópi. Þessi hópur er einnig sennilega sá sem minnst er tæknivæddur og ekki allir nota þá velferðartækni sem er þó í boði. Kanna þarf með þennan hóp núna en ekki bíða eftir að aðgerðarplan Lýðræðisstefnu komi í virkni. Einnig er bent á að fólkið sjálft er kannski ekki að leita eftir meiri stuðning. Það eru margir á þessum aldri sem vilja ekki láta hafa mikið fyrir sér, vilja ekki gera neinar kröfur og láta sig frekar hafa einmanaleika. Finna þarf þá sem þarfnast félagsskapar og sálfélagslegs stuðnings og koma til þeirra með tilboð um hvoru tveggja eftir atvikum.